# **EFTIRLITSSKÝRSLA**



# Fljótsdalshérað Urðunarstaður Tjarnarlandi

Dags eftirlits 18.6.2014 Fulltrúi UST Helga Hreinsdóttir

**Fyrirtæki** Fljótsdalshérað Fulltrúi UST

Lyngás 12 **Tegund eftirlits** Framselt eftirlit Heimili

Kennitala Flokkur Úrgangur og efnamóttaka 481004-3220

Fulltrúi fyrirtækis ÍSAT nr. Freyr Ævarsson Fulltrúi fyrirtækis Staðsetning

# **NIĐURSTAĐA EFTIRLITS**

Urðunarstaðurinn er rekinn á undanþágu frá starfsleyfi skv. bréfi Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis frá 25.6.2013. Með bréfi dags.28.11.2013 hefur verið sótt um framlengingu á undanþágunni en svar hefur ekki borist. Því er litið svo á að um sé að ræða leyfislausan rekstur.

#### **UMFANG EFTIRLITS**

Í eftirlitsferðinni 18.6.2014 var gengið um allan urðunarstaðinn opnar urðunarreinar skoðaðar ásamt frágangi þar sem búið var að urða yfir. Einnig var gengið suður fyrir elsta hluta urðunarstaðarins og frágangur þar skoðaður.

Á fundi með fulltrúa rekstaraðila var farið yfir eftirlitsskýrslu sl. árs og eftirfylgni vegna hennar, seinasta starfsleyfi fyrirtækisins sem var með gildistíma til 1.12.2005, undanþágur frá starfsleyfi dags. 28. júní 2011 og 26. júní 2013, breytingar á lögum sem varða starfsemina sem og stöðu mála varðandi vinnslu nýs starfsleyfis. Einnig var rætt um reglur varðandi skráningu á móttöku úrgangs og annað sem lýtur að innra eftirliti í rekstri.

#### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

Um er að ræða brot á 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. þar sem segir að allur atvinnurekstur sem haft getur í för starfsleyfi

Urðunarstaðurinn er rekinn þrátt fyrir að undanþága frá starfsleyfi sé útrunnin og ekki hafi borist jákvæð svör við endurnýjaðri undanþágubeiðni. Endurnýjuð undanþága sem ráðuneytið veitti rann út þann 31.12.2013. Síðan hafa bréf farið með sér mengun skuli hafa gilt milli aðila en formleg undanþága hefur ekki verið gefin út á ný.

Um er að ræða brot á sömu lagagrein og vísað er í varðandi frávik 1.

Tekið ef við hálfgerjaðri moltu og hún múgsett til framhaldsvinnslu á eldri hluta urðunarstaðarins. Sótt hefur verið um undanþágu frá starfsleyfi vegna þessa með bréfi til Umhverfis- og Auðlindaráðuneytis dags. 10.3.2014 en svör hafa ekki borist.

## **ATHUGASEMDIR**

#### Athugasemd 1

Ekki er um að ræða dúk eða annað það sem mætti þétta hliðar urðunarstaðarins.

Í þeirri undanþágu sem veitt var frá starfsleyfi 25.6.2013 var skilyrði um fullnægjandi þéttingar í hliðum urðunarstaðarins. Rekstaraðili hefur gert grein fyrir þessu atriði í bréfi til Umhverfisstofnunar dags. 13.3.2014 og sótt um undanþágu frá kröfum um botn- og hliðarþéttingar, en niðurstaða hefur ekki fengist.

#### Athugasemd 2

Framvinduskýrslur hafa ekki verið sendar til Umhverfisstofnunar og HAUST. Skv. kröfum í undanbágu frá starfsleyfi frá 25.6.2016 skulu fá framvinduskýrslur sendar á tveggja mánaða fresti til að gera grein fyrir stöðu og framvangi vinnu við svæðið, fyrst 15.7.2013.

Aðeins eru þrjár framvinduskýrslur dagsettar 7.2.2014, 25.11.2013 og 28.7.2014. Seinasta skýrslan var send í kjölfar eftirlitsferðarinnar.

#### Athugasemd 3

Tryggja þarf að baggaplast og annað lauslegt geti ekki fokið um svæðið og einnig að vargfugl komist alls ekki í lífrænan úrgang.

#### **ANNAĐ**

Í eftirlitinu var tekið mið af starfsleyfi því sem gefið var út fyrir urðunarstaðinn á árinu 2001 og bréfi frá Umhverfis- og Auðlindaráðuneytinu frá 25.6.2013, þar sem framlengd var undanþága frá starfsleyfi með skilvrðum.

Upplýsingar um urðað magn á árinu 2013 hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar með bréfi dags. 7.3.2014.

Sýni af sigvatni hafa verið tekin árlega og niðurstöður sendar Umhverfisstofnun.

Drög að skýrslu þessari voru kynnt starfsleyfishafa og gefinn tveggja vikna frestur til athugasemda. Með bréfi dags. 25.7.2014 óskar starfsleyfishafi eftir að tekið verði tillit til þess að frestur til að gera athugasemdir við bréf ráðuneytis frá 2.7.2014 hefur verið framlengdur. Í bréfi ráðuneytisins eru kynnt áform um synja beiðni um frekari undanþágu frá starfsleyfi vegna sorpurðunar í Tjarnarlandi þar sem ekki hafi fengist niðurstaða í frágang á botni og hliðum urðunarstaðarins. Frestur til að gera aths. var skv. bréfi ráðuneytis til 21.7.2014 en hefur verið framlengdur án dagsetninga.

Revkjavík,

04.12.2014

Helga Hreinsdóttir

<sup>1</sup> Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>2</sup> Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.